

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 16.095 á íbúð í sorphreinsunargjald miðað við tvær sorptunnur. Húseigendum eru í upphafi afhentar tvær 240 l sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- 2.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 13.725 á íbúð í sorpeyðingargjald miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).
- 2.3 Húsfélög geta fengið 660 l eða 1.100 l sorpílát í stað 240 l sorptunna. Sorptunnur sem skilað er inn til að fá stærri sorpílát þurfa að vera a.m.k. með samtals sömu lítratölu og þau sorpílát sem koma í staðinn. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 10. desember 2013, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Breyting þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1007/2012 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

Akranesi, 30. desember 2013.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014